

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Telji búfjárefirtirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir úrbætur ekki þola neina bið getur lögreglustjóri fyrirvaralaust tekið búfé úr vörslu eiganda eða umráðamanns og ráðstafað búfénu án tafar með þeim hætti sem framangreindir aðilar telja best tryggja velferð þess.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað tölunnar „25“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.